



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

Dalvík, 31. október 2019

Efni: Samþykkt sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar um drög að Samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024, mál 257/2019 í samráðsgátt.

Á 317. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 31. október 2019 var eftirfarandi samþykkt:

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar fagnar því að ný sé lögð fram metnaðarfull samgönguáætlun til 15 ára. Það er gott að hafa framtíðarsýn til svo langt tíma fyrir þennan yfirgripsmikla og kostnaðarsama málaflokk og það er gott að fá tækifæri til að koma með ábendingar við drögin.

Dalvíkurbyggð fagnar markmiði 2.5. um jákvæða byggðaþróun þar sem kemur fram að stefnt verði að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkja þann grunn sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betri aðgangi að þjónustu.

Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024.

Dalvíkurbyggð lýsir yfir ánægju með þær framkvæmdir í sveitarfélagini sem gert er ráð fyrir í fyrrliggjandi drögum að samgönguáætlun. Hér er átt við bæði hafnarframkvæmdir og sjávarvarnir. Jafnframt er óskað eftir að eftirtaldar framkvæmdir verða teknar til skoðunar við afgreiðslu áætlunarinnar:

- Dalvíkurhöfn Austurgarður, gert sé ráð fyrir fjármagni til að ljúka nauðsynlegri dýpkun hafnarinnar.
- Dalvíkurhöfn, þjóðvegur að hafnasvæði. Með auknum umsvifum hafnarinnar er nauðsynlegt að skilgreina þjóðveg að fiskihöfninni.

Nánari skilgreining:

Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar hefur staðið í framkvæmdum við gerðar svokallaðan Austurgarð í Dalvíkurhöfn. Þessi framkvæm er á samgönguáætlun en meira fjármagn þarf til að ljúka við framkvæmdina. Sá verkþáttur sem vanáætlað var fyrir er að ná fullnægjanlegu dýpi við mannvirkioð. Einnig er óskað eftir því á áætlun verði sett gerð þjóðvegar að Dalvíkurhöfn. Enginn þjóðvegur liggur að fiskihöfninni, einungis er þjóðvegur sem liggur að ferjubryggjunni og þjónar Grímsey. Eins og kunnugt er mun Samherji hf. brátt taka í notkun tæknivæddasta fiskvinnsluhús landsins við Dalvíkurhöfn og mun umferð flutningabifreiða vegna þess aukast gífurlega. Á fundum sveitarfélagsins og umdæmis Vegagerðarinnar á Akureyri hefur ósk um skilgreiningu á þjóðvegi að Dalvíkurhöfn oft verið rædd en ekki komið enn til framkvæmda. Um er að ræða þjóðveg sem liggur frá Gunnarsbraut og að Austurgarði um 500m.



Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034.

Dalvíkurbyggð þakkar fyrir gott samstarf við Vegagerð en óskar enn eftir samvinnu um lengri tíma áætlun vegna úthlutunar úr sameiginlegum pottum sem er skilgreint sem ýmsar framkvæmdir undir 1.000 millj. kr. Þá er ákall frá sveitarféluginu um að bundið slitlag á héraðsvegum í döllum sveitarfélagsins sé sett á dagskrá. Einnig að brú yfir Svarfaðardalsá við Hæringssstaði sé sett í forgang vegna umferðaröryggis.

Í kafla 4.3.3. um jarðgangaáætlun kemur fram að meðal annarra jarðgangaverkefna utan höfuðborgarsvæðisins sem mælt er með að skoðuð verði nánar sem fyrst sé breikkuð Múlaganga vegna mikillar umferðar. Það verkefni er ekki tímasett en Dalvíkurbyggð leggur mikla áherslu á að farið verði í þessa framkvæmd sem fyrst því þrátt fyrir þá vegabót sem göngin eru, eru þau barn síns tíma og því miður oft farartálfni á fjölfarinni leið.

Þá kemur fram að gert er ráð fyrir að bein framlög af samgönguáætlun og jarðgangaáætlun standi undir helmingi framkvæmdakostnaðar jarðganga. Stefnt er að gjaldtöku af umferð í jarðgöngum á Íslandi. Sú innheimta mun fjármagna rekstur og viðhald ganganna, sem og að standa undir því sem uppá vantar í framkvæmdakostnað. Þarna vill Dalvíkurbyggð áréttu að ekki er sanngjarnat að t.d. íbúar í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð séu skattlagðir sérstaklega fyrir að fara á milli þéttbýliskjarnanna á Tröllaskaga en mikið og gott samstarf er á milli þessara sveitarfélaga. Ef til kemur gjaldheimta af vegakerfinu er eðlilegra að því sé dreift á vegin landsins.

Drög að flugstefnu Íslands.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar ítrekar umsögn sína við drög að Grænbók um flugstefnu Íslands sem send var inn í samráðsgátt 16. ágúst sl. Þar eru athugasemdir sem ekki hefur verið tekið tillit til í drögum að flugstefnu sem nú liggur fyrir. Þá tekur sveitarstjórn undir athugasemdir Markaðsstofu Norðurlands við flugstefnu og samgönguáætlun 2020-2034.

Virðingarfyllst

F.h. sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri.